

**996. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 27. nóvember
2017 og hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Arna Lára Jónsdóttir formaður, Kristján Andri Guðjónsson aðalmaður, Daníel Jakobsson aðalmaður og Marzellius Sveinbjörnsson áheyrnarfulltrúi.

Embættismenn:

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Dægradvöl á Ísafirði fjölgun rýma - 2017100070

Lagt fram minnisblað Margrétar Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, dags. 23. nóvember sl., þar sem farið er yfir húsnæðisvanda Dægradvalar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu 2 í framlögðu minnisblaði.

Gestir

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs - 08:14

2. Endurskoðun samstarfssamnings HSV og Ísafjarðarbæjar - haust 2017 - 2017100072

Lagt fram minnisblað Margrétar Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs auk draga að samsstarfssamningi HSV og Ísafjarðarbæjar.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja samstarfssamninginn milli HSV og Ísafjarðarbæjar.

3. Frístundarúta til Bolungarvíkur - 2017010051

Kynntur er viðauki vegna frístundarútunnar, auk minnisblaðs Margrétar Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, dags. 23. nóvember sl. og minnisblaðs Jóns Páls Hreinssonar, bæjarstjóra Bolungarvíkurkaupstaðar, dags. 23. nóvember sl.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að viðaukinn vegna frístundarútunnar 2017 verði samþykktur.

Margrét Halldórsdóttir yfirgefur fundinn kl. 8:34.

4. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2017/2018 - 2017090050

Lagt fram bréf Jóhanns Guðmundssonar og Annasar Jóns Sigmundssonar, f.h. atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dagsett 21. nóvember sl. Fjallað hefur verið um umsókn Ísafjarðarbæjar um byggðakvóta fiskveiðiárið 2017/2018 og er niðurstaða ráðuneytisins að úthluta byggðakvóta til sveitarfélagsins með eftirfarandi hætti:

Hnífsdalur - 222 þorskígildistonn

Þingeyri - 281 þorskígildistonn

Flateyri - 300 þorskígildistonn

Suðureyri - 192 þorskígildistonn

Ísafjörður - 140 þorskígildistonn

Lagt fram til kynningar.

5. Áfangastaðaáætlun Vestfjarða - 2017110020

Umhverfis- og framkvæmdanefnd visar umsögn tilbaka til bæjarráðs með upplýsingar um afstöðu nefndarinnar í samræmi við umræður á fundinum. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur Wouter Van Hoeymissen, formanns hverfisráðsins Íbúasamtakanna Átaks á Þingeyri, með umsögn hverfisráðsins um forgangsröðun verkefna á áfangastaðaáætlun Vestfjarða auk umsagnar Eypórs Eðvarðssonar og Þormóðs Loga Björnssonar, f.h. Fornminjafélags Súgandafjarðar.

Bæjarráð felur bæjarritara að skila umsögn bæjarráðs til Visit Westfjords.

6. Flugslysaæfing 5. október 2017 - 2017090083

Lagt fram bréf Bjarna Sighvatssonar, verkefnisstjóra Isavia, dagsett 15. nóvember sl., ásamt lokaskýrslu vegna flugslysaæfingarinnar sem haldin var á Ísafjarðarflugvelli 7. október sl.

Lagt fram til kynningar.

Daníel Jakobsson yfírgaf fundinn undir þessum lið.

7. Kaup á bifreið fyrir bæjarskrifstofur - 2017110024

Á 944. fundi bæjarráðs, 13. nóvember sl. var lagt fram minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara, dags. 10. nóvember sl., þar sem lagt er til að keypt verði bifreið til afnota fyrir starfsfólk bæjarskrifstofa og stoðþjónustu. Lagður er fram kostnaðarsamanburður þess að vera með bifreið á rekstarleigu og að eiga bifreiðina sjálfa.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að keypt verði bifreið fyrir starfsfólk bæjarskrifstofu og stoðþjónustu og að gerður verði viðauki við árið 2017.

8. Gjaldskrár og reglur - Fjárhagsáætlun 2018 - 2017020049

Kynntar eru tillögur að gjaldskrár og reglum varðandi gjaldskrár fyrir árið 2018.

Lagt fram til kynningar.

9. Útsvarsprósenta - Fjárhagsáætlun 2018 - 2017020049

Bæjarstjóri leggur til að útsvarsprósenta við álagningu 2018 á tekjur ársins 2017 verði 14,520%.

Bæjarráð samþykkir tillögu bæjarstjóra um að útsvarsprósenta við álagningu verði 14,52%.

10. Samráðsvettvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum 2017-2018 - 2017040075

Dögg Árnadóttir var fulltrúi skapandi greina f.h. Ísafjarðarbæjar, í samráðsvettvangi sveitarfélaga á Vestfjörðum. Hún er flutt úr sveitarfélaginu og það þarf að skipa annan í hennar stað.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna að tillögu fyrir bæjarstjórn að nýjum fulltrúa skapandi greina f.h. Ísafjarðarbæjar í samráðsvettvangi sveitarfélaga á Vestfjörðum.

11. Snjóflóðavarnir undir Kubba, framkvæmdaleyfi. - 2010120048

Lögð fram framvinduskýrsla fyrir september til október 2017 frá Framkvæmdasýslu ríkisins, dagsett 23. október 2017, vegna snjóflóðavarna á Ísafirði, uppsetningu stoðvirkja í Kubba.

Lagt fram til kynningar.

Marzellíus Sveinbjörnsson leggur fram eftirfarandi bókun:

„Ég vil hér með ítreka að ekki er búið að svara spurningum mínum frá bæjarráðsfundi 10. júlí 2017 út frá minnisblaði Verkís. Þeim spurningum vil ég fá svarað lið fyrir lið. Þessi töf á svari er ekki ásættanleg.“

12. Sundlaugar okkar allra - aðgengi fyrir hreyfihamlaða - 2017110059

Lagður fram tölvupóstur Bergs Þorra Benjamínssonar, formanns Sjálfsbjargar, dagsettur 23. nóvember sl., vegna úttekta á aðgengi hreyfihamlaðra að sundlaugum landsins. Sundhöll Ísafjarðar var þar á meðal, og fylgir með póstinum bréf vegna úttekta með ábendingum um það sem betur mætti fara.

Lagt fram til kynningar.

13. Byggðasamlag Vestfjarða - þjónustusamningur og samstarfssamningur - endurskoðun 2016 - 2016100073

Umræður um Byggðasamlag Vestfjarða og málefni fólks með fötlun.

Kristján Andri Guðjónsson yfirgefur fundinn undir þessum lið.

14. Snorraverkefnið - Almennar styrktarbeiðnir og styrktarlínur 2017 - 2017010042

Lagt fram bréf Ástu Sólar Kristjánsdóttur, f.h. Snorraverkefnisins, dagsett 20.

nóvember sl., þar sem óskað er eftir stuðningi við Snorraverkefnið á árinu 2018. Markmið Snorraverkefnisins er að styrkja tengsl afkomenda Íslendinga í Norður-Ameríku við Ísland.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við beiðninni.

15. Samstarfsnefnd um friðlandið Hornstrandir - tilnefning fulltrúa - 2014120033

Lagður fram tölvupóstur Þórunnar Karlsdóttur, f.h. Umhverfisstofnunar, dagsettur 22. nóvember sl., þar sem meðfylgjandi er skipunarbréf Kristínar Óskar Jónasdóttur, nýs formanns í Hornstrandanefnd.

Lagt fram til kynningar.

16. Stofnun Vestfjarðastofu - 2017110058

Lagður fram tölvupóstur Díönu Jóhannsdóttur, f.h. Visit Westfjords, dagsettur 21. nóvember sl., ásamt fréttatilkynningu um stofnfund Vestfjarðastofu, sem haldinn verður 1. desember nk. Vestfjarðastofa er nýtt fyrirtæki sem styður einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og sveitarfélög á Vestfjörðum við að ná árangri á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar.

Lagt fram til kynningar.

17. Umsögn um fjárlagafrumvarp 2018 - 2017110057

Lagður fram tölvupóstur Aðalsteins Óskarssonar, framkvæmdastjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga, dagsettur 21. nóvember sl., ásamt umsögn Fjórðungssambandsins um fjárlagafrumvarp 2018.

Lagt fram til kynningar.

18. Fundargerð aðalfundar Hverfisráðs Önundarfjarðar - Málefni hverfisráða 2017 - 2017010043

Lögð er fram til kynningar fundargerð aðalfundar Hverfisráðs Önundarfjarðar frá 20. september sl.

Bæjarráð vísar fundargerðinni til úrvinnslu á umhverfis- og eignasviði Ísafjarðarbæjar

19. Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum - 154 - 1711018F

Lögð er fram fundargerð 154. fundar barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum sem haldinn var 22. nóvember sl. Fundargerðin er í 3 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

20. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 488 - 1711014F

Lögð er fram fundargerð 488. skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 22. nóvember sl. Fundargerðin er í 7 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

20.1 2017020049 - Fjárhagsáætlun 2018

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja hækkun gjaldskráa skv. byggingavísitölu og verðból gumarkmiðum.

20.6 2017100057 - Hestamannafélagið Hending - Reiðhöll stækkun lóðar

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytingu skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010
Nefndin telur staðsetningu hússins vera ásættanlega m.t.t. nálægðar við Engidalsá, ekki er um neina tilfærslu á fyrra skipulagi, svæðið er allt mjög raskað. Jafnframt er staðsetning væntanlegrar reiðhallar í samræmi við það sem er með önnur hús á svæðinu.

21. Umhverfis- og framkvæmdanefnd - 57 - 1711011F

Lögð er fram fundargerð 57. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar sem haldinn var 21. nóvember sl., fundargerðin er í 5 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:36

Arna Lára Jónsdóttir

Kristján Andri Guðjónsson

Daníel Jakobsson

Marzellíus Sveinbjörnsson

Gísli Halldór Halldórsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir